



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

10. árgangur 2. tbl.

Febrúar 2013

Hjónaball



16. mars í Brautarholti



**Kæru sveitungar
og aðrir!**



**Takið þennan góða dag frá til
þess að lyfta andanum á flug!**

**Nánar auglýst
þegar nær dregur!**

Eitt er víst að það verður gaman!



**Ungmennafélag
Skeiðamanna**





Símanúmer á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is
Opið mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:
Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904
ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is




Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf 10.mars. 2013.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir—frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri



Þjórsárdalur!

Mynddiskur um fjölbreytileika Þjórsárdalsins og einstaka náttúruferuð svæðisins.

Höfundar: Ari Trausti Guðmundsson og Valdimar Leifsson.

Fæst á skrifstofunni í Árnesi og kostar kr. 1.500,-

Góð tækifærisgjöf.



Vantar þig sérstaka gjöf?

Hef til sölu ýmsa handunna muni úr minkaskinni og roði. Hálsfestar, hárskraut, eyrnalokka, armbönd, bókaerki, vasapela og fleira. Sérstæðir munir sem ekki fáast annars staðar.

Komið og lítið á úrvalið.

Katrín, Ásaskóla, sími: 8986047 / 4866047.

Aðalfundur Landbótafélags Gnúpverja

haldinn í sal Þjórsárskóla mánudagskvöldið
25. febrúar kl. 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf.
Hvetjum alla sem hafa áhuga á landbótum að mætta.
Stjórnin.

Veiðiminjasafnið – Litli veiðikofi FLUGUNNAR í Hrunakrók við Stóru Laxá


**Veiðifélag Stóru-Laxárdeildar og Lax-á ehf eru að gera upp litla veiðihúsið upp við
Hrunakrók í Stóru-Laxá, oft kennt við Guðmund í Miðdal.**

Þetta litla veiðihús á sér stórmerkilega sögu, okkur langar til að safna saman
munum og ljósmyndum frá síðustu öld og setja upp lítið en vandað veiðiminja-
safn, safn sem verður öllum opið að sumarlagi. Veiði-
húsið er gert upp í sinni upprunalegu mynd.

Veiðifélagið Flugan, var atkvæðamikið við Stóru
Laxá um árábil og stóðu fyrir því að koma upp veiði-
húsinu upp við Hrunakrók.

Stofnendur Veiðifélagsins Flugunnar voru:

Sæmundur Stefánsson	Sigurliði Kristjánsson
Ósvaldur Knudsen	Guðmundur R. Oddsson
Páll Hallgrímsson	Egill Thorarensen
Kristinn Hallgrímsson	Guðmundur Einarsson
Guðmundur Jóhannsson	frá Miðdal.
Skúli Thorarensen	Hákon Guðmundsson
Runólfur Kjartansson	Einar Gíslason
Magnús Kjaran	



Til að geta komið safninu upp þá vantar okkur að komast í samband við afkom-
endur og ættingja þessara ágætu stofnenda Veiðifélagsins Flugunnar, við erum
að leita að gömlum ljósmyndum sem við mætum afrita og einnig hlutum/
veiðiminjum til láns eða kaups sem tengjast þessu merka tímabili.

Öll hjálp er vel begin, vinsamlegast hafið samband við Árna
Baldursson arnibald@lax-a.is eða í síma 8983601.
Eða Esther Guðjónsdóttur 4866590 / 8658761 estherg@centrum.is



Þjórsárskóli

Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Góðar fyrirmyndir


Nemendur í 1.-2. bekk fóru á dögnum í tíma með nemendum í 7. bekk. Eldri nemendur tóku vel á móti þeim yngri og var mikið hlegið, spjallað og spilað.




Góð leið til þess að auka samkennd og ýta undir ábyrgð eldri nemenda í samskiptum við þá yngri.

Skíðaferð 6. – 7. febrúar

Nemendur í 4. – 7. bekk fóru í vel heppnaða skíðaferð í Bláfjöll. Við gistum í Breiðabliksskólanum sem er mjög rúmgóður og vel staðsettur skáli. Margir höfðu ekki farið á skíði áður en allir komust af stað og fóru ýmist á skíði eða bretti. Árangurinn var stórkostlegur. Við vorum frekar heppin með veður og nemendur létu ekki á sig fá þótt aðeins blési. Nemendur voru mjög jákvæðir og hjálpsamir hver við annan og ferðin var vel heppnuð í alla staði. Flottur hópur foreldra var með í för og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Án þeirra hefði ferðin ekki verið möguleg.






Nemendur í 1.-3. bekk fengu að gera margt skemmtilegt á meðan þeir eldri voru í skíðaferðinni. Farið var í leiki bæði úti og inni, spilað á spil, farið í borðtennis og haldin var veisla þar sem boðið var upp á köku sem nemendur bökuðu sjálfir.

Kveðja úr skólanum
Bolette
og
Kristín.



Leggings, leggjur eða gammósiur

Þægilegar og flottar buxur fyrir konur á öllum aldri.
Lítu við í saumakjallaranum í Skarði og fáðu sérsaumað í þína stærð.



Upplýsingar í síma 863 9689.
Kveðja góð,
Vilborg í Skarði



Komiði sæl.



Leikskóli KT

Það er allt gott að fréttu hjá okkur í Leikholti og mikið um að vera. Við höldum Bóndadaginn hátíðlegan og að þessu sinni vorum við með opið hús fyrir feður, afa og bræður. Við fengum nokkra feður og afa í heimsókn og það var gaman að fylgjast með hvað þeir voru duglegir að taka þátt í starfinu með börnunum. Á „þorravagninum“ vorum ýmsar góðar þorraveitingar sem börn og gestir gæddu sér á. Börnin voru mishrifin af sviðasultunni, hrúts-pungunum og hákarlinum. Harðfiskurinn og rúgbrauðið með smjéri rann aftur á móti ljúflega niður.



Svona, fáðu þér að drekka“ umhyggjan byrjar snemma ☺

6. febrúar sl. var **Dagur leikskólans** og þá vorum við með opið hús fyrir og eftir hádegi, þar sem allir voru velkomnir. Nokkrir

foreldrar gáfu sér tíma og tóku þátt í starfi dagsins með börnum sínum. Einnig kom einn sveitarstjórnarmaður í heimsókn. Með því að vera með opið hús og fá fólk inn í leikskólann náum við betri tengingu við foreldra og samfélagið í kringum okkur. Kæru sveitungar verið þið dugleg að koma í heimsókn á opin hús hjá okkur og kynna ykkur það góða og metnaðarfulla starf sem fer hér fram. Við erum líka með fína heimasíðu þar sem ýmis fróðleikur er í máli og myndum. www.leikskoli.skeidgnup.is

Miðvikudaginn 13. febrúar, öskudaginn, kl 14:00 ætlum við að halda grímuball í salnum í Leikholti. Allir hjartanlega velkomnir í grímubúningum. Við munum dansa og slá köttinn úr tunnunni.

Mánudaginn 26. febrúar nk. verðum við með opið hús (kl 8:00-11:30 og 13:00-16:00) fyrir ömmur, mæður og systur í tilefni af konudeginum 25. febrúar. Er ekki upplagt að koma og sjá hvað börnin eru að gera í leikskólanum og taka þátt með þeim?


Hlökkum til að sjá ykkur.



Í vetur hefur mikið verið drullumallað og ýmsar tilraunir gerðar í pollunum! Börnunum hefur ekki leiðst þessi veðráttan.



Börnin hafa glaðst mikið þegar snjórinn hefur látið sjá sig!



Magnús Veigar,
13 mánaða og yngstur í skólanum, lætur ekki sitt eftir liggja.

Ekki leiðinlegt að smakka smá snjó og renna sér í brekkunum.



Þegar þessir fréttapunktur eru skrifaðir er snjórinn farinn og hálfgerð vorveður, hiti og blautt. Þorrinn er hálfnaður og góan á næsta leiti.....



Árún Emma kannar möguleika andlitsins.

Kær kveðja,
Sigríður Björk G. Leikskólastjóri.

Barnagælur.

Við skulum þreyja þorrann og hana góu og fram á miðjan einmánuð:
þá ber hún Grána. Dúfan í Danmörk,
hún er hlaðin baugum.
Gull er hennar nefi á,
allt upp undir augum,
Bí bí og blaka,
álftirnar kvaka,
ég læt sem ég sofi
en samt mun ég vaka.

(Þjóðvísa).

Heilsu - morgunátak í sundlaugunum!

Í mars verður opið í Neslaug alla **fimmtudagsmorgna**
(4 skipti) kl 07:00—08:00.

Í apríl verður opið alla **þriðjudagsmorgna**
(5 skipti) í Skeiðalaug kl. 07:00—08:00
Nýtið þetta frábæra morgunátak!



Menn og Málefni!



Þau Ása E. E. Ljungberg og Ólafur Brynjar Ásgeirsson Brautarholti 13 eignuðust dreng þann 15. janúar s.l. Kappinn var 3720 gr og 52 cm. Hann á eldri bróður, Anton Óskar sem verður 5 ára á þessu ári. Við óskum fjölskyldunni hjartanlega til hamingju með litla drenginn sinn.

Þá er það hestafólkið okkar þau Inga Birna Ingólfssdóttir og Árna Svavarsson á Hlemmiskeiði 3, og Ólafur Brynjar Ásgeirsson, er eignaðist litla drenginn þann 15. jan. En Ólafur hlaut **Blæsbikar Smára** sem afhentur er þeim félagsmanni er þykir hafa staðið uppúr hvað varðar árangur jafnt og faglega framkomu á síðasta ári. En Inga Birna og Árni hlutu **Ræktunarbikar Smára** fyrir stóðhestinn Mjölni, sem þau eiga, gæðagripur, sem fékk hæst 8,50 í aðaleinkunn á árinu 2012! Innilegar hamingjuóskir öll með þennan glæsta árangur!
(Sjá nánar í Smárafréttum hér í blaðinu).



Kertasmiðjan Brautarholti

486 5518

www.kertasmidjan.is



Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási
480-1180 Fax: 480-1181 www.laugaras.is
Félagsmálastjóri : María Kristjánsdóttir





Nautgripæræktarfélagið Þjór! Aðalfundur og opið fjós!

Nautgripæræktarfélagið Þjór
verður með aðalfund í
opnu fjósi í Þrándarholti
þann 22. febrúar kl. 13:30.
Léttar veitingar í boði og
hvetjum sem flesta
til þess að mæta.

Stjórnin.



Dönsum á Selfossi

heldur tveggja daga grunnnámskeið í swing-dansi helgina 23. og 24. feb. nk í Tryggvaskála á Selfossi. Kl.14 : (tvæ rklst.hvorn dag og kannski aðeins lengur. Leiðbeinendur frá “Komið og Dansið” í Reykjavík koma til okkar... Skráning fer fram á dansleikjum okkar í Tryggvaskála öll þriðjudagskvöld, einnig er hægt að senda skráningu (nafn, sveitafélag og síma) á netfangið donsumaselfossi@internet.is facebook síðu okkar (skilaboð) eða hringja í síma 8211286 (Eypór) Námskeiðið kostar 3000,- **Dönsum á Selfossi!**

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00

Lesið nýju bækurnar.

Fullt af góðum bókum!

S: 486-5505 www.gegnir.is

bokasafn@skeidgnup.is



Kirkjustarfið í Stóra-Núps - og Ólafsvallasóknum!

Nú er langt liðið á þorra og fastan gengin í garð, sól hækkar á lofti og dagur lengist. Kirkjustarfið í sóknunum næsta mánuðinn verður sem hér segir:

Guðspjónustur:

24. febrúar kl. 14 Guðspjónusta á Ólafsvöllum
10. mars kl. 11 Guðspjónusta á Stóra-Núpi



Sunnudagaskóli

Á föstunni verður boðið upp á sunnudagaskóla eða barnastund í Hrepphólum á sunnudögum kl. 14. **Sunnudagaskólinn hefst 17. febrúar n.k.** Foreldrar eru kvattir til að koma með börnin sín í þessar góðu og uppbyggilegu stundir.

Hvað byggir upp eftir áföll og missi?

Mánudaginn 18. febrúar verð ég með samveru í safnaðarheimilinu Hruna þar sem ég fjalla um bjargráð eftir áföll og missi, en ég hef flutt fyrirlestra og verið með fræðslu um þessi mál um allt land. Þar fer ég yfir þau ráð sem reynst hafa fólki vel í að vinna úr hvers konar áföllum og missi en reynslan kennir okkur að flest göngum við í gegnum svipað ferli þegar við upplifum áföll og missi, hvort heldur vegna dauðsfalla eða annarra áfalla í lífinu.

Í kjölfarið ætla ég að bjóða upp á **stuðningshóp** fyrir þau sem hafa orðið fyrir erfiðum áföllum og sorg í lífinu.


Passíusálmalestur á föstudaginn langa

Það hefur skapast hefð um það í prestakallinu að lesa Passíuálsmana á föstudaginn langa í Hrepphóla kirkju. Svo verður einnig að þessu sinni og verður lesturinn í umsjá okkar sr. Axels Árnasonar. Að venju koma ýmsir að lestrinum, m.a. fer-

mingarbörn og fjölskyldur þeirra en hér með er líka **auglýst eftir**

fólki sem er reiðubúið að koma og lesa brot af þessum klassíska íslenska arfi.

Loks skal áréttað að sími prestakallsins er **856-1572** en að auki hef ég síma **856-1571**.



Með kveðju,
Halldór Reynisson

Uppsveitakortið 2013

Endurskoðun stendur yfir á Uppsveitakortinu 2013 sem gefið er út árlega og dreift í 30 þúsund eintökum. Alltaf þarf að bæta við, taka út og breyta einhverju á hverju ári á korti og í þjónustulista. Kortið má sjá www.sveitir.is

Sendið breytingar á asborg@ismennt.is eða í síma **8981957**.

Einnig taka skrifstofur sveitarfélaganna við athugasemdom.

Með Ábótans interneti um ljósleiðara sveitarfélagsins.

Um miðjan apríl er stefnt að því að opna fyrir tengingar á afþreyingarefni sem OZ.com dreifir en þar á meðal er fjöldi sjónvarpsstöðva. Smábox sem geymir afruglara sem mun kosta rétt um 10 þúsund krónur þarf að kaupa en það box færanlegt þannig að fólk sem á td. sumarbústað getur nýtt það bæði í heima og í bústaðnum því boxið er óháð tengimátanum. Gjaldskrá fyrir afnot af Oz liggur brátt fyrir en hún er á líku róli og almennt gerist í þessum efnum.

Þessu samfara verður nú sumarbústaða fólki sem öðrum boðið upp á aðra tengingu tengda við dreifikerfi Gagnaveitu Reykjavíkur á góðum kjörum þannig að sveitin og borgin renna saman á einum reikningi.

Innan skamms tíma verður einnig viðskiptavinum Ábótans boðið upp á að taka IP-síma en það er sími sem nýtir sér ip-samskipti til samtals.

Annars hefur gengið hægar að færa notendur Ábótans yfir á ljósleiðarann en til stóð en því er senn lokið. Þau sem runnið hafa úr skaftinu eru boðin velkomin síðar til tengingar og þakkað fyrir.

Frekari upplýsingar á www.abotinn.is

Sumarstörf í Neslaug og Skeiðalaug!

Starfsfólk vantar til starfa sumarið 2013 við
sundlaugar sveitarfélagsins.

Um er að ræða hlutastörf um helgar
en einnig aðra daga!



Upplýsingar veitir Eypór í síma 897-1112

Deildarfundur Sláturfélags Suðurlands.

Sameiginlegur deildafundur SS hjá Skeiða, Gnúpverja og Hrunamannadeildum verður haldinn Ánesi, Þjórarskóla miðvikudagskvöldið 27. febrúar kl 20:30.

Ásamt forstjóra koma deildarstjóri búvörudeildar Elías Hartmann og Bergur Pálsson sölumaður. Kynnt verður bráðabirgðaniðurstaða ársreikninga 2012. Hvetjum alla til að mæta og fræðast og ræða málefni Sláturfélagsins.

Deildarstjórar.

**41. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi þriðjudaginn
05. febrúar 2013 kl. 13:00.**

Mætt til fundar: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason og Harpa Dís Harðardóttir. Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri, ritaði fundargerð. Björgvin Skafti setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera. Sveitarstjóri óskaði eftir að einu máli yrði bætt á dagskrá fundarins. Aukaaðal-fundargerð Skipulag- og bygginganefndar en fundargerð þarfnast samþykkt sveitarstjórnar.

Dagskrá:

1. Skipulagsvinna í Þjórsárdal. Gísli Gíslason og Ingibjörg landslagsarkitektar hjá Steinsholti ehf. komu á fundinn og kynntu vinnu sína við skipulag í Þjórsárdal. Samningur við Steinsholt sf. um landslagarkitektavinnu í Þjórsárdal sem kynntur var á fundi nr 40. Samþykktur samhljóða.
2. Fulltrúi í stjórn sameiginlegs þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða. Tillaga samþykkt um að Aldís Hafsteinsdóttir verði fulltrúi Velferðar-nefndar Árnesþings í ofangreindri stjórn.
3. Frumvarp til laga um náttúruvernd. Þingskjal 537 - 429. mál. Lagt fram og kynnt. Sveitarstjórn leggur engu að síður áherslu á að ferðafrelsi ferðafólks verði ekki heft umfram það sem nauðsyn ber til.
4. Kaup Brunavarna Árnessýslu á Árvegi 1. Kaupsamningur þarfnast samþykktar. Kaupsamningur samþykktur samhljóða.
5. Samþykki ábyrgðar vegna Listasafns Árnesinga. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Listasafns Árnesinga, kt.511076-0729 hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 15.500.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum.

Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Héraðsnefnd Árnesinga, sem er eigandi Listasafns Árnesinga.

Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að endurfjármagna ó-hagstæðari lán sem tekin voru árið 2003 til að fjármagna húsnaði lista-safnsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitar-félaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórnin samþykkir jafnframt að eignarhald að Listasafni Árnesinga og/eða Héraðsnefnd Árnesinga megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila á meðan lánið er ekki að fullu greitt.

Fari svo að Skeiða- og Gnúpverjahreppur framselji eignarhlut í Listasafni Árnesinga og/eða Héraðsnefnd Árnesinga til annarra opinberra aðila, skuldbindur Skeiða- og Gnúpverjahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Kristófer Tómasson 060865-5909, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.

6. Erindi frá Úrskurðarnefnd Umhverfis- og auðlindamála. Minkabú Ásum. Svar lögmanns fyrir hönd sveitarfélagsins er í vinnslu. Samþykkt að fulltrúar sveitarstjórnar svari erindi lögmanns um málið í tölvupósti þegar það berst.
7. Fundargerð 55. fundar Skipulags og bygginganefndar uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps. Liður 19 málsnr. 201205573846. Dsk Leiti. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa gildistöku deiliskipulags fyrir smábýlalóðina Leiti í B-deild Stjórnartíðinda og í kjölfarið senda Skipulagsstofnun upplýsingar um þá afgreiðslu. Að mati sveitarstjórnar er deiliskipulagið í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins.
8. Aðalskipulag Vorsabær 1 land 2 Sveitarstjórn tekur undir afstöðu Skipulags og bygginganefndar uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps og samþykkir ekki að auglýsa breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem felst í að gert verði ráð fyrir iðnaðarsvæði á spildu úr landi Vorsabæjar þar sem heimilt verði að reisa tvær allt að 800 kW vindmyllur. Að mati sveitarstjórnar er nauðsynlegt að marka fyrst stefnu um vindmyllur af þessari stærð og í stærra samhengi.
9. Tillaga um styrk til æskulýðs og tómstundastarfs.
Tillaga að upphæð tómstundastyrks fyrir árið 2013.
Sveitarstjórn Skeiða – og Gnúpverjahrepps samþykkir að allir grunnskólanemendur og framhaldsskólanemendur frá 6 ára til og með 18 ára geti sótt um styrk sem nemur allt að 50.000.- kr. á árinu 2013 til að stunda íþrótt, æskulýðs eða menningarstarf. Með umsókn þarf að fylgja frumrit kvittunar um greiðslu frá aðila sem uppfyllir skilyrði að um viðurkennda starfsemi sé að ræða og fagaðilar sjái um þjálfun og /eða menntun.
10. Siðareglur sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Tillögur að siðareglum samþykktar samhljóða. Samþykkt að samdar verði siðareglur fyrir stjórnendur sveitarfélagsins.

11. Tæknisvið uppsveita. Fyrir fundinum lá að taka til afgreiðslu aðild Skeiða- og Gnúpverjahrepps að Tæknipjónustu og komið hefur fram í fundargerðum sveitarfélagsins. uppsveita Árnessýslu. Samþykkt var samhljóða að hafna aðild að Tæknipjónustu uppsveita Árnessýslu.

12. Reikningur Lögmanna lagður fram til samþykktar. Fyrir fundi lá að samþykka reikning Lögmanna Suðurlands vegna vinnu við svar til Skipulagsstofnunar er varðaði deiliskipulag að minkabúi að Ásum.

Gunnar Örn Marteinsson lagði fram eftirfarandi bókun:

Það að lögmaðurinn skuli hafa getað eitt rúmlega 39 klst. í svo einfalt mál er með ólíkindum og veit ekki á gott með þann kostnað sem kemur til með að leggjast á sveitarfélagið vegna þessa máls. Það að þessi reikningur skuli lagður fram til samþykktar styður það sem ég hef áður haldið fram í þessu máli. **Björgvin Skafti Bjarnason, Harpa Dís Harðardóttir, Jón Vilmundarson og Oddur G Bjarnason lögðu fram eftirfarandi bókun:**

Þar sem Skipulagsstofnun gerði athugasemd við bókun meirihluta sveitarstjórnar þegar samþykkt var þann 4. sept. 2012 skipulag vegna minkabús að Ásum og lögfræðingur Landslaga sem undirbjó þá bókun var ekki reiðubúinn að fara að óskum meirihlutans um vinnubrögð við leiðréttingar bókunarinnar var okkur nauðugur sá kostur að leita til annarra lögfræðinga þ.e. Lögmanna Suðurlandi. Að sjálfsögðu hefur það aukinn kostnað í för með sér í þessu einstaka máli, en benda má á að nýir lögfræðingar eru a.m.k. fjórðungi ódýrari og komu málinu athugasemdalaust í gegnum Skipulagsstofnun. Reikningurinn var borinn upp til atkvæða.

Björgvin Skafti Bjarnason, Harpa Dís Harðardóttir, Jón Vilmundarson og Oddur G. Bjarnason samþykktu áðurnefndan reikning.

Gunnar Örn Marteinsson samþykkti ekki reikninginn.

13. 497. mál frá velferðarnefnd Alþingis til umsagnar. Lagt fram og kynnt.

14. 458. mál. Framkvæmdaáætlun í barnavernd til umsagnar. Lagt fram og kynnt.

15. 470. mál. Tillaga til þingsályktunar um velferðarstefnu- heilbrigðis- áætlun. Lagt fram og kynnt.

16. Aðkoma í Helgabotnum. Mál tekið af dagskrá.

17. Mál nr. 323. til umsagnar. Velferðarnefnd Alþingis. Frumvarp til laga um barnalög. Lagt fram og kynnt.

18. Veitingarekstur- ferðapjónusta í Árnesi. Sveitarstjóri greindi frá úrvinnslu umskóna um veitingarekstur og ferðapjónustu í Árnesi. Þrjár umsóknir bárust. Starfshópur er vann að málefni er sammála um að mæla með að hefja

viðræður við Gunnar Egilsson Árbæ. Samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að hefja viðræður við Gunnar Egilsson um ofangreindan rekstur.

19. Aukaaðalfundur Skipulags – og byggingarnefndar uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps 16 janúar síðastliðinn. Tílefni fundar var breyting á samþykktum samþykktu Byggðasamlags um skipulags og byggingafulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps. Sveitarstjórn staðfestir breytingar samþykktanna.

Mál til kynningar

- A. Til Skipulags og byggingarfulltrúa - Minjastofnun Íslands.
- B. 145. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands.
- C. Dagur leikskólans 6. febrúar n.k.
- D. Stjórnarfundur og Ársreikningur Orkusveitarfélaga.
- E. Afgreiðsla byggingafulltrúa nr. 92.
- F. Fundur Fræðslunefndar v. Æskulýðsmála.
- G. Fundur Fræðslunefndar v. Flúðaskóla.
- H. Stjórnarfundur SASS nr 463.
- I. Héraðsnefnd Árnesinga 58. Fundur.
- J. 1.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar.
- K. 147.fundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.
- L. Aukaaðalfundur Skip- og Bygg.
- M. Aðalfundur Hestamannafélagsins Smára.
- N. Fundargerð 803 fundar Sambands ísl. sveitarfélaga.
- O. Fjárveiting til uppbyggingar á Stöng.
- P. Skýrsla sveitarstjóra.

Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Fundi slitið kl 16: 40.

Næsti fundur ákveðinn 05. mars næstkomandi.

Minnum á viðveru oddvita alla þriðjudaga kl. 09-12

Björgvin Skafti Bjarnason oddviti verður með viðtalstíma alla þriðjudaga kl. 09 - 12 í fundarherbergi skrifstofunnar í Árnesi.

www.skeidgnup.is

SMÁRI



ALLIR KRAKKAR
ERU VELKOMNIR Í
SMÁRA. FRÍTT
FÉLAGSGJALD
FYRIR BÖRN



KRAKKAR Í SMÁRA GETA
MÁTAÐ OG KEYPT PEYSUR
EINS OG SÉST Á MYNDINNI

15
FEBRÚAR

HITTINGUR Í
REIÐHÖLLINNI
Á FLÚÐUM

HITTINGUR

VEGNA UPPSVEITAEILDAR
ÆSKUNNAR

ALLIR SEM HAFA ÁHUGA Á
AÐ TAKA ÞÁTT Í
UPPSVEITAEILD
ÆSKUNNAR ERU VELKOMNIR

KOMIÐ Í REIÐHÖLLINNA Á
FLÚÐUM FÖSTUDAGINN 15.
FEBRÚAR KL. 18:00 - 20:00

SPJALL - SKIPULAG -
KYNNING
PIZZA OG GOS

SKRÁ SIG Á
SMARAKRAKKAR@GMAIL.COM
NAFN OG KENNITALA



DAGSKRÁ ÆSKULÝÐSNEFNDAR SMÁRA 2013



febrúar



mars



apríl



DAGSKRÁ 2013

Uppsveitadeild Æskunnar

Æfingar

Reiðnámskeið

Fræðsludagur

Æskan og hesturinn

Hestheimferð

Fjölskyldureiðtúr

Æskulýðsdagur

Ride and Tie

Haustferð

Nánari upplýsingar um
dagskrá má finna á smari.is

Allir krakkar eru
velkomnir í Smára. Frítt
félagsgjald fyrir börn



Smárafréttir

FEBRÚAR 2013



FRÁ AÐALFUNDI

Aðalfundur Smára fór fram í félagsheimilinu í Árnesi sunnudaginn 27. janúar 2013. Venjuleg aðalfundarstörf einkenndu fundinn, reikningar voru lagðir fram og samþykktir samhljóða sem og skýrsla stjórnar.

Kjósa þurfti um 3 menn í aðalstjórn. Lilja Össurardóttir og Aðalsteinn Aðalsteinsson buðu sig fram til áframhaldandi setu og var það samþykkt með lófataki. Í stað Coru Claas var kjörin í stjórn Hulda Hrönn Stefánsdóttir í Hrepphólum og bjóðum við hana velkomna til starfa um leið og við þökkum Coru fyrir vel unnin störf.

Stjórn Smára

Ingvar Hjálmarsson formaður

Bára Másdóttir gjaldkeri

Lilja Össurardóttir ritari

Aðalsteinn Aðalsteinsson

meðstjórnandi

Hulda Hrönn Stefánsdóttir varaformaður

Varastjórn

Kolbrún Haraldsdóttir

Bjarni Birgisson

Hjálmar Gunnarsson

Frekari fréttir af aðalfundi má finna inn á
www.smari.is

Ræktunarbikarinn hlutu Árni Svavarsson og Inga Birna Ingólfssdóttir fyrir Mjölni frá Hlemmiskeiði 3. Hæsti dómur Mjölnis 2012 var : Sköpulag 8,51 Kostir 8,49 Aðaleinkunn 8,50

Blæsbikarinn er afhentur þeim félagsmanni er þykir hafa staðið uppúr hvað varðar árangur jafnt og faglegrar framkomu á síðasta ári.

Blæsbikarinn hlaut að þessu sinni **Ólafur Ásgeirsson**.

Meðf. myndir eru af verðlaunahöfum ásamt

Formanni Smára.



NEFNDARSKIPAN 2013

Ennþá vantar fólk í einhverjar nefndir því eru þeir sem eru áhugasamir um að efla félagsstarfið hvattir til að hafa samband við stjórnina, einhvern í viðkomandi nefnd eða með því að senda línu á smari@smari.is

ÆSKULÝÐSNEFND

Vigdís Furuseth, Syðra-Langholti
Meike Witt, Glóruhlíð
Ragnar S. Geirsson, Efra-Langholti
Bjarni H. Ásbjörnsson, Kílhrauni
Guðbjörg Jóhannsdóttir, Ásatúni

MÓTANEFND

Lilja Össurardóttir, Kílhrauni
Hólmfríður Kristjánsdóttir, Kílhrauni
Bragi Viðar Gunnarsson, Túnsbergi
Katrín Ólafsdóttir, Hrepphólum

FJÁRÖFLUNARNEFND

Ragnheiður Ó. Guðmundsdóttir,
Langholtskoti
Sigurður Sigurjónsson, Kotlaugum
Svala Bjarnadóttir, Fjalli

ÚTREIDANEFND

Elín Moqvist, Brautarholti
Bjarni Hjörleifsson, Fossi

VALLARSTJÓRAR

Hjálmar Gunnarsson, Flúðum
Unnsteinn Hermannson, Langholtskoti

FULLTRÚÍ Í FRAMKVÆMDANEFND UPPSVEITADEILDAR

Hermann Þór Karlsson,
Efri-Brúnavöllum

FULLTRÚAR Í STJÓRN REIÐ- HALLARINNAR Á FLÚÐUM

Helgi Kjartansson, Flúðum -
Framkvæmdastjóri
Sigurður H. Jónsson, Skollagróf —
Gjaldkeri



PEYSUR

Smárafélögum gefst nú kostur á að panta peysur merktar Smára og nafni ei-ganda. Peysurnar munu kosta 7.800 fyrir fullorðna en greiða á niður peysur til barna með styrkjum og auglýsingum. Hægt verður að máta peysur í reiðhöllinni föstudagskvöldið 15 febrúar milli 18 og 20 og á fyrsta vetrarmóti 16. febrúar.

REIÐNÁMSKEIÐ FYRIR FULLORÐNA SMÁRAFÉLAGA

Ísleifur Jónasson reiðkennari frá Kálfholti heldur einstaklingsmiðað námskeið í Reiðhöllinni á Flúðum. Námskeiðið verður í fjögur skipti, dagana 26 febrúar, 5. og 19. mars og 9 apríl. Þremur nemendum verður kennt samtímis fyrstu tvo tímana en síðan verða tveir nemendur saman.

Verð námskeiðsins er 15.000,- krónur.

Áhugasamir skrái sig á smari@smari.is

HELSTU VIÐBURÐIR 2013

Nánari upplýsingar um dagskrá má finna á www.smari.is Fylgist því vel með, dagsetningar geta breyst og nýir atburðir komið inn...

16. febrúar 1. Vetrarmót
22. febrúar Uppsveitdeild—Fjörgangur
26. febrúar Reiðnámskeið fyrir fullorðna (4 skipti í feb-apríl)
9. mars Uppsveitadeild æskunnar
15. mars Uppsveitadeild—Fimmgangur
16. mars 2. Vetrarmót
27. mars Sameiginlegt Tölmót Smára, Loga og Trausta
6. apríl Uppsveitadeild æskunnar
19. apríl Uppsveitadeild—Tölt og skeið
20. apríl 3. Vetrarmót
27. apríl Uppsveitadeild æskunnar
1. maí Firmakeppni
Maí Reiðnámskeið – helgarnámskeið
Maí Fræðslufundur
8. júní Íþróttamót Smára, Loga og Trausta – Hrísholt
20. júlí Gæðingamót
Sumar Sameiginlegur útreiðatúr félagsmanna
Október Sýnikennsla
Október Árshátíð Smára, Loga og Trausta



VETRARMÓT

Fyrsta vetrarmót er laugardaginn **16 febrúar kl 14.00** á Flúðum. Keppt verður í eftirfarandi flokkum : Polla-
flokkur (9 ára og yngri) Barnaflokkur (10-13 ára) Unglingaflokkur (14-17 ára)
Ungmennaflokkur (18-21 árs) Unghrossaflokkur(hross fædd 2008 og 2009)
2 flokkur Fullorðnir og 1 flokkur Fullorðnir
Skráning á staðnum frá 13.00 - 13.45 Skráningargjald 500.– skráningin, frítt fyrir polla og börn, greiðist á staðnum. **ATH. EKKI POSI.**

Ákveðið hefur verið, eftir umræðu haustfundar, að breyta stigatalningu vetrarmótanna og aftengja parakeppni knapa og hests.

Knapi safnar stigum og getur því mætt með ólíka hesta á mótin án þess að það hafi áhrif á heildarstig hans. Einnig hefur verið ákveðið að sé skráning mikil í fullorðinsflokk verði riðin tvö holl.

10 bestu hestarnir úr báðum hollunum ríða úrslit.

Hvert stefnum við?

Í síðasta fréttabréfi gerir Gunnar Örn fyrrverandi oddviti grein fyrir þeirri ávörðun sinni að vera á móti framkvæmdum í landi Vorsabæjar 1 og gerir lítið úr ákvörðunum samstarfsfólks síns í hreppsnefndinni. Hvort er verra, að kynna sér ekki málin og segja nei, eða slá málunum á frest?

Í pistli þessum vil ég varpa ljósi á það ferli sem sem hófst þegar til mín kom maður sem sagðist hafa áhuga á að flytja í sveitina með sína fjölskyldu. Hafði hann farið vítt um Suðurland en fengið einkum augastað á Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem þjónustan virtist góð hvað varðar skólana og sveitafélagið væri framalega í tækniþróun þar sem verið var að fara í framkvæmdir með lagningu ljósleiðara. Komumst við að samkomulagi um að hann keypti af mér 40 hektara landspildu. Varð mér brátt ljóst að hann ætlaði ekki að vera kotbóndi út í sveit heldur byggja upp myndalegt býli og vera með starfsemi á jörðinni. Er hann mikill áhugamaður um vindmyllur og vill vera brautryðjandi á því sviði hér á landi. Á hann töluvert eigið fé eftir að hafa rekið útgerð erlendis og selt sinn hlut í henni fyrir nokkrum árum. Hluta af því fé ætlar hann að nota í uppbyggingu á framtíðar búgarði sínum og nýta vindorkuna í þá starfsemi sem hann ætlar sér að koma þar upp. Hef ég hrifist af þessum áformum hans og talið það verða til hagsældar fyrir sveitafélagið að fá framkvæmdamann í sveitarfélagið og ekki síst að hann vilji setjast hér að með sína fjölskyldu.

Í júlí fór hann að kynna áform sín fyrir skipulagafulltrúanum og stjórnendum sveitarfélagsins. Honum var tjáð að stofna þyrfti iðnaðarlóð þar sem staðsetja ætti vindmyllurnar og áhrifasvæðið yrði 500 metrar í kringum lóðina samkvæmt skipulagslögum. Mikilvægt væri að kynna fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir næstu nágrönnum og þá sérstaklega fyrir þeim sem ættu land sem yrði innan áhrifasvæðisins. Hef ég aðstoðað hann við að kynna áform hans fyrir nágrönnunum og tel ég að það hafi tekist vel.

Á fundi sveitarstjórnar í ágúst var ákveðið að auglýsa breytingar á skipulagi í landi Vorsabæjar 1 samkvæmt skipulagslögum. Kom ein athugasemd frá eigendum tveggja sumarhúsa sem eru í 1,3 km fjarlægð frá fyrirhuguðu byggingasvæði vindmyllanna. Telja þau að þetta geti rýrt verðgildi eigna sinna. Á 23 ha landspildu þeirra er 40 metra hátt háspennumastur í um 300 metra fjarlægð frá sumarhúsunum og kvöð á landspildunni þar sem Landsvirkjun hefur heimild til að fara yfir landið til að þjónusta mastrið. Því er hæpið að tvær vindmyllur í meira en eins kílómetra fjarlægð rýri verðgildi eigna þeirra frekar.

Á fundi sveitastjórnar í nóvember var ákveðið að fresta frekara auglýsingarferli varðandi breytingar á skipulagi í Vorsabæ þar sem sveitastjórn sú, sem samþykkt hafði vindmyllur rúmum mánuði áður á svæði sem er við náttúruperlur

sveitarfélagsins og framtíðar ferðamannaparadísar þess, virtist ekki vera nægjanlega upplýst um áhrif vindmylla á nánasta umhverfi. Í framhaldi af þessari ákvörðun sveitastjórnar var þeim boðið á kynningarfund í Vorsabæ þar sem þau gátu kynnt sér frekar áform þau sem fyrirhuguð voru á jörðinni og tækni þá sem vindorka er og framtíðarmöguleika fyrir sveitafélagið. Öll þáðu þau boðið en Gunnar mætti ekki og boðaði ekki forföll. Hefur hann lítið viljað fræðast um þessi áform hjá framkvæmdaraðila. Í framhaldi af þessum fundi var ákveðið að framkvæmdaraðili myndi útbúa myndir þar sem myllurnar sæjust frá nokkrum sjónarhornum í sveitinni. Síðan yrðu haldnir frekari kynningafundir í sveitinni. Var þetta gert og endað með kynningafundi í Brautarholti þar sem kom m.a. fulltrúi frá HS-orku sem ætlar að kaupa orkuna frá vindmyllunum og byður íbúum Skeiða og Gnúpverjahrepps 10% afslátt af orkuverði. Álitur HS-orka að vindorkan sé verðmæt í sitt orkuframboð og vil stuðla að því að þetta verkefni verði að veruleika.

Á síðustu þremur mánuðum hefur hreppsnefndin flækt þessu máli í þá stöðu að stofna á svæðisnefnd með sveitafélögunum í kring sem á að ákveða heildarskipulag hvað varðar vindmyllur á svæðinu og jafnvel að bíða eftir því að mörkuð verði stefna á landsvísu hvað varðar nýtingu vindorku. Með þessu er verið að drepa fjárfestingaverkefni upp á fleiri hundruð milljónir hér í Skeiða og Gnúpverjahreppi. Það getur enginn einstaklingur beðið í fleiri ár með svona verkefni upp á von og óvon um hvort það verði samþykkt.

Kæru sveitungar. Eigum við að glutra niður svona fjárfestingartækifæri hér í sveit. Okkur sár vantar aukin umsvif hér í sveit, með aukinni atvinnu og auknum tekjustofnum fyrir sveitarfélagið. Þarna er möguleiki að fá fjárfestingu upp á hundruð milljóna og fjölgun í sveitinni. Í framhaldinu mun skapast 1 til 2 störf við eftirlit og umsjón með myllunum auk þess í að framhaldinu yrði einhver starfsemi sem mun nýta orkuna á staðnum. Framleiðsla orku úr vindi mun bæta ímynd sveitarinnar í augum útlendinga þar sem vindorka er álitin vistvæn. Markaðssetning ferðaþjónustufyrirtækja yrði auðveldari, auðveldara að fá vottanir og auka því forskot sveitarinnar í markaðssetningu afurða og þjónustu. Hvað er svo neikvætt við að reisa tvær vindmyllur þar sem næsta íbúðarhús er nú í um 1,4 kílómetra fjarlægð (Vorsabær 1). Þær yrðu í manngerðu vistkerfi þar sem þegar eru háspennumöstur og misfagarar byggingar. Það er misjafnt hvað fólki finnst um útlit vindmylla, eins og er um öll mannanna verk. Tel ég að það verði mikill álitshnekkir fyrir sveitafélagið ef við höfnum þessum fjárfestingarkosti.

Verður litið á Skeiða og Gnúpverjahrepp sem slæman stað til að koma upp nokkurri atvinnustarfsemi þar sem allt er dregið á langinn eða dregið niður. Sýnum nágrannanum umburðarlyndi þótt að athafnir hans valdi einhverri hljóð eða lyktarmengun að þá hverfur það þegar komið er í yfir 500 metra fjarlægð.

Eiríkur Þórkelsson,
Vorsabæ.



VERSLUNIN ÁRBORG S: 486 6006

Kæru sveitungar og ferðamenn. — Alla daga, allan daginn!

Rúnnstykki, Crossant, brauð og vínarbrauð



Alltaf til Cemtec skeifur í öllum stærðum!

VERSLUNIN ÁRBORG S: 486 6006



**LAGNA
POSTULINN**


Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Kort af afréttum milli Þjórsár og Hvítár!

Til sölu á skrifstofunni í Árnesi er endurútgefna óbyggðakortið af af-
réttum Gnúpverja, Skeiðamanna, Flóamanna og Hrunamanna og
kostar **kr. 500.—** Gott í vasann og eykur **öryggi** ferðalanga!

Við eldavélina!

Guðmundur Heiðar Ágústsson nemandi í 7. bekk Þjórsárskóla
leggur til góðgætið þennan mánuðinn!



Ég vil þakka Helgu fyrir áskorunina og ætla að deila með ykkur
tveimur réttum sem eru í miklu uppáhaldi hjá mér. Annað er heitur
brauðréttur sem er mjög góður og hitt er súkkulaðifrauð
sem er geggjáð góður eftirrétur.
Njótið vel – Guðmundur Heiðar.

Heitur ofnréttur með snakki

2 dósir sýrður rjómi

1 ½ dl. Rjómi

1 dós sveppir

1 dós aspas

100 gr. Skinka

100 gr. Rifinn ostur

Ca. 15 sneiðar samlokubrauð

½ tsk. Karrý

1 tsk. Laukduft


1 tsk. Season-All

Smá pipar.

1-2 msk. Mango chutney.

Öllu blandað saman,
safi af aspas og
sveppum að hluta.

Myljið paprikusnakk
og dreifið yfir, hitað
í 20-30 mín. við
200°C



Súkkulaðifrauð

300 gr. Súkkulaði

4 stk. Egg (aðskilin)

100 gr. Sykur

50 gr. Smjör

5 dl. Rjómi

Bræðið súkkulaði og smjör saman, þeytið rauðurnar og 25 gr. Af sykri. Þeytið
svo hvítur og 75 gr. Af sykri. Blandið síðan eggjáhærunum tveimur og
súkkulaðinu saman.

Þegar þetta er komið vel saman er súkkulaðihærunni blandað saman við þeyttan
rjómann. Athugið að blanda öllu varlega saman svo frauðið falli ekki (hvað sem
það nú þýðir). Setjið í glös eða stóra skál og kælið í 3-6 klst.

Best að bera þetta fram með þeyttum rjóma og ferskum jarðarberjum.

Ég ætla að skora á Bjarna Birgisson að koma með næstu uppskrift. Ég veit að
hann er góður kokkur og það er geggjáð að fara með honum í bústað.



Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30-16:30.

Símatímar lækna virka daga

kl. 9-9:30 og 13-13:30

Vaktsími 892-8804 - Neyðarsími 112

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun –

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vaxmeðferðir

Litun og pökkun.

Tímapantanir í síma: 856-1599



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Í ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

„**Nýr starfsmaður, Ingunn Jónsdóttir** hefur tekið við matar-smiðjunni á Flúðum. Ingunn er vöruhönnuður frá LHÍ og búsett í Flóahreppi. Matarsmiðjan á Flúðum er alhliða matvælavinnsla þar sem mögulegt er að vinna afurðir úr grænmeti, kjöti eða fiski í kældum vinnslusal. Hún er jafnframt frábær vettvangur fyrir alla þá sem hafa áhuga á vöruþróun á sínum afurðum. Endilega hafið samband við Ingunni í síma 858-5069 eða á ingunn.jonsdottir@matis.is ef þið hafið spurningar, skemmtilegar hugmyndir eða langar bara að kíkja í kaffi og skoða aðstöðuna.“



Laugarvatn Fontana býður ykkur að njóta gufunnar í vetur. Síminn okkar er sem áður 486 1400. Opið virka daga í vetur frá 13:00 til 21:00

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ: VIRKA DAGA 9 -18
LAUGARDAGA 11-14



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar

Írskar gæða kerrur



2ja hásinga kerra m/ bremsum

Mjög sterkbyggðar 2ja hásinga kerrur með timbur botni. Hægt að fá grindur til að hækka skjólbörðin og eins uppkeyrslu ramp.

Lengd: 2580 mm
Breidd: 1450 mm
Burðargæta: 1.500 kg

**Verð án/vsk
kr. 475.262**



Eins hásinga kerra

Mjög sterkbyggðar kerrur á einni hásingu með timbur botni. Hægt að fá grindur til að hækka skjólbörðin og eins uppkeyrslu ramp.

Lengd: 2430 mm
Breidd: 1340 mm
Burðargæta: 500 kg

**Verð án/vsk
kr. 237.472**

Rúllugjafahringir fyrir nautgripi og sauðfé



Gjafahringir fyrir stórgripi

Þvermál: 2290 mm
Hæð: 1210 mm

**Verð án/vsk.
kr. 39.826**

Gjafahringir fyrir sauðfé

Þvermál: 1595 mm
Hæð: 1000 mm

**Verð án/vsk.
kr. 34.136**



**Bitagúmmi
á steinbita
og timbur**



Básamottur

Lengd: 1830 mm
Breidd: 1140 mm



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Fréttir frá Kvenfélagi Gnúpverja

Kvenfélag Gnúpverja starfar nú eins og áður á nótum góðgerðafélaga og er ekki mikið í sviðsljósinu, frekar en önnur kvenfélög. Nýlega er liðinn dagur kvenfélagskonunnar en hann var 1. febrúar s.l. Sá dagur var ákveðinn af Kvenfélagasambandi Íslands fyrir fáum árum og var tilgangur þess að hafa ákveðinn dag einmitt að vekja athygli á starfi kvenfélaganna. Við kvenfélagskonur í Gnúpverjahreppi erum 39 talsins, þar af er allstór hópur sem kominn er í heiðursfélagahóp, sem þýðir að þær eru án vinnuskyldu. Vinnufærum konum er skipt í þrjá hópa, svokölluð númer og eru þau kölluð til vinnu eftir röð. Flest ykkar hafa komið í erfiskaffi sem kvenfélagskonur sjá alfarið um hér í sveit. Við lítum á þessa vinnu sem samfélagsþjónustu og höfum lagt kapp á að standa okkur vel í henni. Verði hefur verið haldið í lágmarki en þó er þessi þjónusta aðaltekjuöflun félagsins. Á árinu 2012 sáum við um tvær erfisdrykkjur. Að auki tókum við að okkur að elda kjötsúpu og afgreiða hana á Landnámsdeginum og var henni afar vel tekið, raunar svo mjög, að hver agnarögn var uppetin. Einnig sá félagið um kaffi á Ljósleiðarahátíðinni sem nýlega var haldin í Árnesi. Við gefum svo afrakstur þessa starfs til ýmissa félaga og stundum einstaklinga. Við höfum gefið tæki í Laugarás, í Þjorsárskóla, fjölskylduhjálpinni og fleira. Við seljum alltaf jólakort til styrktar Sjúkrahúsínu á Selfossi og núna fyrir jólin gáfum við Björgunar-sveitinni Sigurgeiri 100. 000 kr. Mikið hefur mætt á björgunarsveitum þessa lands og fannst okkur í stjórninni engin spurning um að styrkja okkar björgunarsveit. Einnig höfum við gefið í lands-



Við höldum þrjá félagsfundi á ári, stundum fjóra. Við fáum oft utan- aðkomandi aðila til að fjalla um hugleikið efni á þessum fundum og til okkar hafa komið Vigdís Finnbogadóttir, Berglind Hilmarsdóttir og á síðasta jólafund kom Sigríður Arnardóttir, betur þekkt sem Sirrý, og hélt erindi um leiðina að hinu góða.

Farið er í skipulegar göngur á vegum göngunefndar, allir eru vel- komnir í þær þegar þær eru auglýstar.

Við gleymum ekki börnunum alveg, fyrir þau erum við ásamt kvenfélaginu á Skeiðunum með samvinnu í kringum jólaballið, sem haldið er til skiptis á Brautarholti og í Árnesi.

Við höldum líka páskaeggjabingó, þar er þess gætt að ekkert barn fari heim án vinnings!

Tvær nýjar konur gengu í félagið á árinu og tókum við þeim fagn- andi, því eðli málsins samkvæmt getur félagið ekki haldið uppi sínu góða starfi nema einhver endurnýjun verði.


Framundan er stórverkefni, stjórn Sambands sunnlenskra kvenna hefur farið þess á leit við okkur að sjá um ársfund samtakanna og erum við þegar byrjaðar á undirbúningi. Dagsetningin er 19.apríl í Árnesi.

En á undan honum verður haldinn aðalfundur og verður hann 19. mars væntanlega á skólaloftinu en hann verður betur auglýstur síðar. Kjósa á um formann, ég undirrituð hef verið formaður félagsins í 5 ár og gef ekki kost á mér áfram.

Megi félagið lengi lifa og vel farnast.

Fyrir hönd stjórnar.

Anna María Flygenring



Opið í sundlaugum veturinn 2013
Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Neslaug s: 486-6117 Skeiðalaug s: 486 5500

Neslaug

Þriðjudaga: 18 – 22

Skeiðalaug

Fimmtudaga: 18 – 22

Frá 16. febrúar líka opið...

Laugardaga 09—12

Laugardaga 13—16

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Frítt í sund fyrir 67 ára og eldri.



Vörur tengdar sundi til sölu!

Umsjónarmaður.



Opnunartímar gámasvæða til 01. maí!

Opnunartímar gámasvæða, í Skeiða og Gnúpverjahreppi.

Vetraropnun til 01. maí verður eftirfarandi:

Við Árnes: þriðjudaga og fimmtudaga kl 9:00 - 10:30 og laugardaga kl 10:00 - 12:00.

Við Brautarholt: mánudaga og miðvikudaga kl 9:00 – 10:30 og laugardaga kl 13:00 - 15:00.

Opið verður fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á báðum gámastöðvunum. Ef farga þarf dýrahraejum utan auglýsts opnunar-tíma er bent á að hafa samband í **síma 893-4426.**

Reglur um flokkunina verða sendar á hvert heimili en eru einnig aðgengilegar á **www.skeidgnup.is** Góðfúslega kynnið ykkur þær.

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu við Brautarholt og við Áhaldahúsið í Árnesi!